


2023-2024

Starfsáætlun Krakkalands – frístundaheimili Snælandsskóla



Skjal sótt af '00000000000' dags: 18.08 2026

Halldóra Elínborg Björgúlfsdóttir
Kópavogsbær
2023-2024

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Hagnýtar upplýsingar	2
Gjaldskrá og innheimta	3
Gjaldskrá	3
Innheimtuferli	3
Daglegt starf veturinn 2023-2024	4
Áherslur í starfi.....	4
Húsnæði	4
Dagskipulag í Krakkalandi	4
Klúbbastarf og Fagraland	5
Samstarf við skólann	5
Samstarf við íþróttafélög	5
Skólabragur í Krakkalandi.....	6
Einelti	6
Barnalýðræði.....	7
Samstarf við foreldra	7
Öryggi og verkferlar	8
Síðdegishressing.....	10
Innra og ytra mat	10
Innra mat.....	10
Ytra mat.....	11
Símenntunaráætlun	11
Listi yfir starfsfólk Krakkalands 2023-2024	11
Yfirlit yfir viðburði á skólaárinu	12

Inngangur

Í þessari starfsáætlun er gert grein fyrir starfsemi Krakkalands, frístundaheimilis Snælandsskóla, í Kópavogi. Hlutverk Krakkalands er að bjóða upp á innihaldsríkt frístundastarf fyrir börn í 1.- 4. bekk skólans. Frístundaheimili eru hluti af starfi grunnskólanna og starfa á grundvelli 33. greinar grunnskólalaga (91/2008). Í daglegu starfi frístundaheimila er lögð áhersla á frjálsan leik og óformlegt nám með virkri þátttöku í frístundastarfi í öruggu umhverfi. Börnin fá tækifæri til að takast á við verkefni sem hæfa aldri þeirra og þroska. Áhersla er lögð á að flétta grunnþætti menntunar, sem eru *læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun*, inn í daglegt starf. Öll börn, óháð getu, þroska eða fötlun skulu eiga kost á að taka þátt í því starfi sem þar fer fram á sínum forsendum. Skipulag frístundar miðast við aldur og þroska barna frá 1.– 4. bekk og skulu skólar gera ráðstafanir til að hvetja alla árganga til þátttöku. Samvinna frístundastarfs við íþrótt- og tómstundafélög og leikskóla miðar að því að gera vinnudag barnanna heildstæðan. Starfsfólk frístundaheimila skal koma fram við börnin af virðingu og hlýju.

Skólastjórar eru yfirmenn frístundastarfs í skólunum og bera ábyrgð á faglegu starfi og á að framkvæmd þess sé í samræmi við stefnu bæjarins í málaflokknum. Skólastjóri sér um að ráða forstöðumann sem ber ábyrgð á að skipuleggja og stjórna daglegu starfi. Forstöðumaður getur óskað eftir ráðgjöf frá sérmenntuðum ráðgjafa á sviði tómstundamála.

Á skólaárinu 2023 - 2024 er starfsáætlun fyrir frístund birt í áttunda sinn. Forstöðumaður sér um að skrifa og uppfæra starfsáætlunina fyrir frístundaheimilið árlega. Starfsáætlun er kynnt og samþykkt í skólaráði í byrjun skólaárs og skilað til menntaráðs fyrir 1. október ár hvert. Starfsáætlun birtist jafnframt á heimasíðu skólans og er upplýsinga- og kynningarit fyrir foreldra, starfsfólk og aðra þá er starfið varðar.

Hagnýtar upplýsingar

Frístundaheimili Snælandsskóla heitir Krakkaland og er staðsett í Fagralundi skólaárið 2023-2024. Börnin völdu sjálf nafn á frístundina sína haustið 2015 og héldu kosningar í kjölfarið þar sem Krakkaland fékk flest atkvæði. Í Krakkalandi eru skráð 82 börn úr 1. og 2. bekk og auk þess eru 37 börn skráð í frístund í Fagralandi (3. og 4. bekkjarstarf) þetta skólaár.

Fjöldi barna eftir aldri

- 1.bekkur: 44
- 2.bekkur: 38
- 3.bekkur: 32
- 4.bekkur: 5

Samtals: 119

Forstöðukona Krakkalands er Halldóra Elínborg Björgúlfsdóttir. Hægt er að ná sambandi við Halldóru í tölvupósti halldorab@kopavogur.is eða í síma 441 4232. Aðstoðarforstöðukona Krakkalands er Guðrún Lilja Ingvarsdóttir og hefur hún yfirumsjón með starfsemi Fagralands, 3. og 4. bekkjarstarf. Hægt er að hafa samband við Guðrúnu Lilju í tölvupósti gudruni@kopavogur.is.

Opnunartími

Krakkaland er opið frá 13:20 til 17:00 alla kennsludaga. Einnig er opið flesta starfsdaga, á foreldraviðtalsdögum skólans og í jóla- og páskafríi. Lokað er á skólaopningardegi og auk þess er einn

starfsdagur á önn, þar sem starfsfólk frístundaheimilisins undirbýr starfið. Lokað er í vetrafríi og á Þorláksmessu. Á blaðsíðu 13 má sjá yfirlit yfir opnunardaga í Krakkalandi.

Opnun í jóla- og páskafríum og í skólaslitaviku

Á skólaárinu 2023-2024 verður boðið upp á opnun í jóla- og páskafríi í áttunda sinn. Krakkaland verður opið í jólafríi skólans fram að Þorláksmessu og á virkum dögum í Dymbilvikunni. Þar að auki er opið á virkum dögum í vikunni sem skólaslit fara fram til að brúa bilið þar til sumarnámskeið hefst. Frístundaheimili eru lokað á Þorláksmessu, aðfangadag og gamlársdag.

Opnunartími í jóla- og páskaopnun er frá kl. 8:00 til 16:00. Börnin hafa með sér þrjú nesti, fyrir morgunhressingu, hádegismat og síðdegishressingu. Lágmarksfjöldi skráðra barna hvern dag er **8 börn**. Ef opnunartími skerðist vegna takmarkaðrar skráningar verður það tilkynnt þegar skráning liggur fyrir. Sækja þarf sérstaklega um dvöl fyrir viðkomandi daga inn á þjónustugátt og greitt er sérstaklega fyrir þessa daga.

Forföll og tilkynningar

Forföll og aðrar upplýsingar þarf að tilkynna fyrir kl. 12 hvern dag á netfangið krakkaland@kopavogur.is eða í síma 441 4232. Einungis er í boði að hringja í okkur eftir klukkan 13:00 ef um neyðartilvik er að ræða. Foreldrar sækja ýmist börn sín eða geta leyft þeim að labba heim á ákveðnum tímum. Mikilvægt er að starfsfólk hafi skýrar upplýsingar varðandi heimferðir barnanna og að þær berist á réttum tíma.

Gjaldskrá og innheimta

Gjaldskrá

Skráning í Krakkaland fer fram á netinu, í gegnum þjónustugátt Kópavogsbæjar. Hægt er að velja hálfa og heila tíma. Viðkomandi þarf að vera með íslykil eða rafræn skilríki til að geta skráð sig inn í þjónustugáttina.

<https://ibuagatt.kopavogur.is/login.aspx?ReturnUrl=%2fdefault.aspx>

Umsóknir og breytingar taka gildi um leið og forstöðumaður frístundar hefur samþykkt þær. Kerfið reiknar strax út breytingar varðandi gjöld og kemur leiðrétting næstu mánaðarmót á eftir. Afsláttur er veittur einstæðum foreldrum, öryrkjum (75% örorka eða meira) og námsmönnum (báðir foreldrar í námi). Afsláttur er ekki veittur afturvirkur.

Gjaldskrá má finna á heimasíðu Kópavogsbæjar <http://www.kopavogur.is/is/gjaldskra>

Innheimtuferli

Innheimta dvalar- og matargjalda fyrir frístund og fæðisgjald fyrir hádegismat fer fram hjá innheimtudeild Kópavogsbæjar. Innheimta fer fram samkvæmt innheimtureglum Kópavogsbæjar. Skóli kemur óformlega að innheimtu eins og hér segir og sér um að segja upp vist/áskrift ef ekki er gengið frá greiðslu eftir ákveðinn tíma.

- **1. hvers mánaðar** er gjalddagi. Gjöld í frístund eru innheimt eftir á.
- **10. hvers mánaðar** er eindagi.

- **12. hvers mánaðar** sendir innheimtudeild út stöðu vanskila. Skal skóli veita óformlega áminningu hafi skuld ekki verið greidd (t.d. símtal eða tölvupóstur) áður en formlegt ferli af hálfu bæjarins fer af stað.
- **20. hvers mánaðar** hefst formlegt ferli af hálfu bæjarins, þá er send áminning frá bankanum til þeirra sem ekki hafa greitt.
- **10. næsta mánaðar** fer krafa í milliinnheimtu til Inkasso hafi skuld ekki verið greidd og er þá úr höndum bæjarins. Sjá nánar ferli mála í milliinnheimtu og löginheimtu í innheimtureglum Kópavogsbæjar.
- Ef skuld hefur ekki verið greidd **að tveimur mánuðum liðnum** skal skólinn segja vist barns/mataráskrift upp frá og með næstu mánaðarmótum þar á eftir.

Daglegt starf veturinn 2023-2024

Áherslur í starfi

Hlutverk frístundaheimila er að bjóða upp á innihaldsríkt frístundastarf fyrir öll börn á yngsta stigi grunnskóla sem einkennist af frjálsum leik og vali. Þannig aðstoða þau fjölskyldur við að sameina fjölskyldu- og atvinnulíf og gefa börnunum kost á auknu sjálfstæði innan vissra marka og skapa eigin menntaferla. Áhersla er lögð á að byggja upp barnamiðað starf þar sem öll börn geta fundið verkefni og leik eftir sínum áhugamálum, fengið að prófa fjölbreytt tólstundastarf og þróa þannig persónuleika sinn í gegnum leik og skapandi starf.



Húsnæði

Haustið 2020 fluttist Krakkaland alfarið yfir í fundar- og veislusal í húsnæði Fagralundar og fer þar daglegt starf fram. 3. og 4. bekkjar starfið hefur frá ágúst 2017 verið í öðrum fundarsal í Fagralundi sem heitir Fagraland. Þar er boðið upp á frjálsan leik, skapandi starf og klúbbastarf. Auk þess nýtir Krakkaland eftirtaldar stofur í skólanum fyrir hópa- og klúbbastarf:

- Gamla íþróttasalinn
- Tölvustofu
- Skjólið (jóga- og slökunarherbergi)

Dagskipulag í Krakkalandi

Krakkaland opnar um leið og kennslu lýkur. Börnin fara beint í útiveru þegar þau mæta. Eftir útiveru er síðdegishressing og svo hefst hópastarf þar sem börnin geta skráð sig í þá hópa sem eru í boði. Hópastarfi lýkur kl. 16:00 og þá sameinast börnin og starfsfólk í Krakkalandi þar til þau eru sótt.

Skráningatafla

Á töflu í anddyri Krakkalands fer fram skráning í val og hópastarf auk þess sem þar eru skráðar allar rútur og æfingar sem börnin sækja. Sambærilega töflu er einnig að finna í Fagralandi. Taflan einfaldar foreldrum,

börnunum og starfsmönnum að sjá hvar barnið er á hverjum tíma um leið og börnin læra að taka ábyrgð. Lögð er áhersla á að kenna börnunum að halda sjálf utan um eigin skráningu. Áhersla er lögð á að börnin fái tækifæri til að velja sjálf hvað þau gera á hverjum degi. Með fjölbreyttu starfi og möguleika á sjálfskráningu læra börnin að bera ábyrgð á vali sínu. Kerfið er krefjandi bæði fyrir starfsmenn og börn. Starfsmenn þurfa að halda vel utan um skráninguna, minna börnin á að skrá sig rétt og aðstoða foreldra og forráðamenn við að finna börnin sín. Mikilvægt er að börnin læri að nota töfluna rétt og virða mikilvægi hennar.

Klúbbastarf og Fagraland

Fagraland er frístund fyrir börn í 3. og 4. bekk. Klúbbastarf er í boði fyrir börn í 2., 3. og 4. bekk. Markmiðið er að bjóða upp á fjölbreytt starf fyrir þennan aldurshóp til að koma til móts við þeirra þarfir. Annan hvern föstudag er föstudagsfjör í Fagralandi þar sem 3. og 4. bekkur fær krefjandi verkefni og fjölbreytta skemmtun.

Frístundaleiðbeinendur halda utan um starfið.

Dæmi um klúbbastarf sem fer af stað veturinn 2023-2024 er t.d. myndlistaklúbbur, spjaldtölvuklúbbur, skrímslasklúbbur, skáklúbbur og jóga klúbbur.



Kókoskúlugerð

Skipulagið er endurskoðað reglulega og breytingar gerðar í samráði við börnin.

Ath. Klúbba- og hópastarfið er í stöðugri þróun.

Samstarf við skólann

Gott samstarf milli skóla og frístundaheimilis er lykilatriði í því að styðja sem best við þroska og líðan barna í skólanum. Lagagrein í grunnskólalögum um frístundastarf (gr. 33a, 91/2008) gerir ráð fyrir að skóla- og frístundastarf sé samþætt með það að markmiði að bjóða upp á heildstæðan skóladag fyrir börnin. Snælandsskóli er með þróunarverkefni um slíkt samstarf milli skóla og frístundar sem heitir Gæðastund. Auk þess er lögð áhersla á gott upplýsingaflæði á milli Krakkalands og kennara skólans. Forstöðumaður Krakkalands sækir alla starfsmanna-, deilda- og kennarafundi og situr teymisfundi vegna barna með sérþarfir.

Samstarf við íþróttafélög

Krakkaland er í samstarfi við íþróttafélög Kópavogs. Samstarfið felst í því að börnin eru send í rútur á æfingar. Allar rútur leggja af stað frá Fagralundi. Starfsfólk Krakkalands sér til þess að börnin leggja tímanlega af stað og fari örugglega með rútunni. Einnig eru börnin send á æfingar í nágrenninu.

Því miður geta krakkarnir ekki skipt um föt í skólanum fyrir æfingar. Best er ef krakkarnir mæta í fötum sem þeir geta síðan æft í svo þeir þurfi aðeins skipta um skó áður en farið er á æfingu. Mikilvægt er að forráðafólk skrái íþróttir barna sinna í Völuna ef óskað er eftir því að barn sé sent í rútu. Þar þurfa að koma fram upplýsingar um íþróttagrein, tíma og hvort/hvaða rútu barnið á að taka.

Skólabragur í Krakkalandi

Krakkaland er staður fyrir börn. Áhersla er lögð á að börnunum finnist gaman í Krakkalandi og að allir finni viðfangsefni við sitt hæfi og áhuga. Reynt er að koma til móts við óskir og athugasemdir barnanna með fjölbreyttum svæðum og tómstundastarfi.

Reglur í Krakkalandi endurspeglar þessi áherslur:

- Við erum öll vinir.
- **Við berum virðingu hvert fyrir öðru.**
- Við virðum skráningatöfluna og pössum okkur að færa enga miða nema okkar eigin.
- Við skráum okkur inn og út úr Krakkaland og pössum upp á að miðinn okkar sé alltaf á réttum stað.
- Við göngum inni og megum hlaupa úti.
- **Við erum bara á þeim svæðum sem við megum vera á, bæði inni og úti.**

Einelti

Krakkaland er hluti af skólastarfi Snælandsskóla. Skólinn er Olweusarskóli og vinnur margvisst gegn einelti. Krakkaland tekur þátt í öllum uppákomum tengdum áætluninni svo sem í Vinagöngu og öðrum uppbrotsdögum.

Í daglegu starfi er ýtt undir jákvæð samskipti milli barna, bæði í leik og í samræðum. Fylgst er með vinasamböndum barnanna og reynt að skoða allar hliðar máls þegar ágreiningur kemur upp. Eftir bestu getu er komið í veg fyrir einelti með því að styðja við jákvætt samband á milli barnanna og stuðla að því að öll börnin eignist vini.



Þegar tilkynning berst um grun um einelti er farið eftir Oelweusar áætlun og unnið í málinu í samstarfi við bekkjakennara, námsráðgjafa, skólustjórn og aðra sem að málinu koma.

Krakkalandssáttmáli

- Verum jákvæð
- Við getum alltaf beðið um hjálp
- Við hlustum af athygli á hvert annað
- Verum góð við alla 
- Við skiljum ekki útundan
-  • Endurnýtum
- Verum dugleg að tjá okkur
- Verum hjálpsöm
- Verum kurteis
- Berum virðingu fyrir öllum
- Verum við sjálf



Vottað af krökkunum í Krakkalandi

Réttindi í frístund

Við eigum rétt á:

- að leika
- frjálstri stund
-  • að drekka og borða 
- klósettferðum 
- að hafa gaman 
- að kennarar hlusti á okkur 



Krakkar í Barnaráði Krakkalands

Barnalýðræði

Starfsemi Krakkalands móttast í samvinnu milli barnanna, starfsfólksins og annarra aðila svo sem foreldra, kennara og íþróttafélaga. Hugmyndir barnanna um innra starfið í Krakkalandi eru ræddar og framkvæmdar eftir bestu getu. Svokallaður hugmyndakassi er alltaf uppi þar sem börnin geta alltaf skrifað hugmyndir sínar á blað og sett í kassann. Reglulega förum við í sameiningu yfir hugmyndirnar sem safnast hafa í kassann og reynum að framkvæma flottar og skemmtilegar hugmyndir.

Starfandi Barnaráð er í Krakkalandi sem nýtir Gæðastund fyrir fundartíma. Barnaráðið fer yfir hugmyndir úr hugmyndakassanum og á þessum fundum gefst börnunum einnig tækifæri á að láta skoðanir sínar í ljós er varðar frístundastarfið og við tölum um réttindi okkar og hlutverk.

Samstarf við foreldra

Foreldrasamstarf er mikilvægur hluti af daglegu starfi í Krakkalandi og á sér stað bæði í gegnum óformleg samtöl í lok dags þegar foreldrar sækja börnin sín en einnig í gegnum tölvupóst, símtöl og facebook síðu sem forstöðufólk Krakkalands heldur utan um. Þar eru settar inn upplýsingar um daglegt starf og viðburði svo sem starfsdaga, uppbrotsdaga eða annað.

Starf Krakkalands er kynnt í Vorskóla fyrir foreldrar barna í verðandi 1. bekk og í byrjun hvers skólaárs í sömu viku og námskynningar eru. Á skólaárinu 2023-2024 leggjum við áherslu á að þróa samstarfið við foreldra markvisst áfram.

Öryggi og verkferlar

Verkferlar eru mikilvægir í daglegu starfi með börnum í Krakkalandi. Öllum starfsmönnum eru kynntir verkferlar reglulega og þeir yfirfarnir árlega.

1. Inn- og útskráning barna

Innskráning barna í 1. og 2. bekk fer fram þegar skóladegi þeirra lýkur klukkan 13:20 og 14:00. Þau eru sótt af starfsfólki Krakkalands í skólann og labba saman yfir í frístund. Innskráning barna úr 3. og 4. bekk fer fram í Fagralandi.

Útskráning barna er á hendi eins til tveggja starfsmanna. Þau halda utan um allar skráningar, aðstoða foreldra við að finna börnin og senda börn í rútur, á æfingar og heim.

2. Barn mætir ekki

Þegar barn úr 1. -4. bekk mætir ekki í Krakkaland er fyrst gengið úr skugga um að barnið hafi komið í skólann eða hvort skýring er á fjarveru þess. Ef engin skýring fæst er haft samband við foreldra og hafin leit.

3. Barn týnist

Þegar barnið týnist í Krakkalandi er hafin leit og gengið úr skugga um hvort barnið sé ennþá í skólabyggingunni eða á skólalóð. Starfsfólk frístundar skipta liði við leitina.

Ef leitin ber engan árangur er hringt í foreldra barnsins og athugað hvort barnið hafi farið heim, til fjölskyldumeðlims eða til vinar. Ef það skilar ekki árangri er hringt í lögreglu í samráði við foreldra.

4. Á ferð með börnum

Ferðir með börnum eru ekki hluti af daglegu starfi í Krakkalandi heldur eru það sérstakir viðburðir.

Öll börn eru klædd í gul endurskinsvesti í ferðum. Það eru alltaf a.m.k. 2 starfsmenn með hópinn nema um mjög lítinn hóp (<8 börn) sé að ræða. Þriðji starfsmaðurinn bætist við þegar hópurinn er stærri en 16 börn (lengri ferðir).

Börnin ganga í röð með einum starfsmanni fyrir framan hópinn og öðrum fyrir aftan. Þriðji starfsmaðurinn er staðsettur við hliðina á röðinni. Þegar komið er í öruggt umhverfi mega börn hreyfa sig frjálst.

Þegar gengið er yfir götu, skulu starfsmenn gæta þess að öll börnin nái að ganga yfir á sama tíma. Einungis er farið yfir götu á merktum gangbrautum og þurfa starfsmenn að gæta þess að börnin séu sýnileg öikumönnum.

5. Tómskundavagninn

Starfsfólk Krakkalands sendir börn í rútur á æfingar, óski foreldrar eftir því. Nauðsynlegt er að skrá tómsundir og rútuferðir í Völuna. Gott er að senda póst krakkaland@kopavogur.is ef breytingar verða á tómsundum eða rútuferðum yfir veturinn. Ekki er nóg að barnið eitt viti að það eigi að taka rútu. Allar rútur stoppa við Fagralund.

Starfsmaður sem hefur það hlutverk að senda börn í rútu byrjar 15 mínútum fyrir brottför að safna þeim saman og senda af stað. Börnin skrá sig úr Krakkalandi og bíða eftir rúttunni. Starfsmaður með nafnalista er við rúttuna til að vera viss um að öll börnin hafi skilað sér.

Ef barn missir af rúttunni er hringt um leið í foreldra og fundin lausn í samráði við þá.

6. Minniháttar meiðsl

Minniháttar meiðsl, svo sem lítil sár eru yfirleitt meðhöndluð með plástri og vatnssopa. Þegar um stærri óhöpp er að ræða, stór sár eða starfsmaðurinn er óruggur um alvarleika óhapps er barnið sent til skólahjúkrunarfræðings sem ákveður hvað best er að gera. Ef hún er ekki við, er hringt í foreldra og næstu skref tekin í samráði við þá.

7. Alvarleg slys

Hringt er á sjúkrabíl ef um alvarleg slys er að ræða. Mikilvægt er að einn starfsmaður sinni barninu og annar hefur samskipti við neyðarlínuna. Annað starfsfólk hlúir að og heldur ró hjá hinum börnunum.

8. Ofnæmiskast

Börn með bráðaofnæmi eiga að vera með ofnæmispenna, annað hvort í töskunni sinni eða í skáp í Krakkalandi. Ef barn fær alvarlegt ofnæmiskast, fær það sprautu og hringt er á sjúkrabíl um leið. Haft er samband við foreldra. Þegar um væg ofnæmisviðbrögð er að ræða er hringt í foreldra og ráðstafanir gerðar í samráði við þá.

9. Rýmingaráætlun

Þegar brunabjallan hringir fylgja börn sem eru í Krakkalandi sömu reglunum og gilda í skólanum. Þá fer starfsfólk með þeim út um næstu útihurð og allir safnast saman á gervigrasi, mynda þar einfalda röð fyrir framan tölu síns árgangs.

Starfsfólk skiptir hlutverkum sín á milli til að yfirfara húsnæðið á stuttum tíma og koma örugglega öllum börnum úr húsi. Það fer eftir því á hvaða svæði þeir vinna hverju sinni:

Bruna- og rýmingaráætlun fyrir nýtt húsnæði Krakkalands í Fagralundi er í vinnslu.

Skráning: Starfsmaður sem sér um skráningu ber ábyrgð á því að öll börn séu rétt skráð. Hann tekur með sér skráningaripad og græna hendi á gervigras. Þar merkir hann við öll börnin svo að öruggt sé að ekkert barn vanti. Starfsmaður fer út með börnunum og lætur þau fara í röð eftir árgöngum.

Starfsmaður sem sendir í rútur: Starfsmaður sem sendir í rútur fer síðastur út úr Krakkalandi. Hann yfirfer öll rými og klósettin. Svo fer hann út til barnanna og starfsmanns sem annast skráningu og aðstoðar þar.

Sérsvæði (íþróttasalur, tölvustofa, o.s.frv.): Starfsmenn á sérsvæðum láta börnin sín fara í röð og mæta með þeim út á gervigrasið.

Forstöðumaður: Forstöðumaðurinn hefur eftirlit, sérstaklega með þeim starfsmönnum sem eiga að yfirfara húsið og fylgst með því að þeir séu allir mættir á gervigrasið.

Síðdegishressing

Síðdegishressing er í boði fyrir börnin eftir útiveruna klukkan 14:00.

Dæmi um matseðil:

Matseðill vikan 4.9-8.9

Mán	Pri	Mið	Fim	Fös
Jógúrt m. Múslí/Cheerios	Brauð með kæfu	Brauð með skinku	Brauð með banana	Gæðabakstur
	Brauð með osti	Brauð með epli	Brauð með spægipylsu	
Bananar	Epli	Vatnsmelóna	Epli	Epli
Perur	Vínber	Perur	Appelsínur	Appelsínur

Matseðill vikan 11.9-15.9

Mán	Pri	Mið	Fim	Fös
Brauð með kæfu	Brauð með spægipylsu	Brauð með sultu	Brauð með mysing	Gæðabakstur
Brauð með epli	Brauð með osti	Brauð með skinku	Brauð með banana	
Perur	Epli	Bananar	Epli	Vatnsmelóna
Gul melóna	Appelsínur	Perur	Appelsínur	vínber

Ávaxtabitar og afgangar eru gjarnan í boði seinni part dagsins, milli 15:30 og 15:45. Síðdegishressing fyrir börn í 3. og 4. bekk fer fram í Fagralandi og stendur yfir frá kl. 14:00.



Innra og ytra mat

Innra mat

Frístundaheimilið mótar kerfisbundið innra mat á árangri og gæðum starfsins. Innra mat skal vera samofið starfseminni og byggja á fjölbreyttum gögnum. Tekið skal mið af viðfangsefnum hverju sinni og mikilvægt að börn, foreldrar og starfsfólk taki þátt í matinu eftir því sem við á. Innra mat er umbótamiðað og birtist á heimasíðu skóla.

Umbótaáætlun

Á skólaárinu 2023-2024 ætlum við áfram að einbeita okkur [Réttindaskólaverkefni Unicefs](#) sem er um leið liður í virkjun á [Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðana](#). Við höldum áfram að þróa innihaldsríkt frístundastarf fyrir þann aldurshóp sem tekur mið að áhuga þeirra og gerir þeim kleift að taka virkan þátt í að hafa áhrif á starfið.

Við viljum leggja áherslu á alls kyns læsi í umhverfi okkar og notumst við frístundalæsi þar sem farið verður m.a. í félagslæsi, lista- og menningarlæsi, heilsulæsi og náttúru-og umhverfislæsi.

Við fáum foreldra í lið með okkur til að kenna börnunum að bera ábyrgð á skráningunni sinni og viljum um leið bæta samskipti okkar við foreldra, bæði með óformlegum samtölum í lok dags og með formlegum upplýsingum frá Krakkalandi.

Ytra mat

Kópavogsbær ber ábyrgð á ytra mati frístundaheimila. Matið skal vera umbótamiðað og á ábyrgð sveitarstjórn að tryggja að viðeigandi umbætur verði gerðar. Við matið er stuðst við margs konar gögn og birtast sem hér segir:

Tölulegar upplýsingar: Í október ár hvert er gefnar út lykiltölur í skólastarfi þar sem birtast meðal annars tölur um frístundastarf s.s. fjölda barna í frístundaheimilum.

Starfsáætlun: Starfsáætlun er skilað árlega inn til Menntaráðs. Menntaráð fer yfir áætlunina og metur hvort hún sé í anda stefnu bæjarins í málefnum frístundastarfs.

Viðhorfa kannanir: Annað hvert ár eru viðhorf foreldra til starfsins könnuð.

Úttækt á innra starfi: Fimmta hvert ár er fengin utanaðkomandi fagaðili til að taka út innra starf frístundaheimilisins og hópastarfs. Skoðað er hvort stefna og starfsáætlun birtist í starfinu og hvernig innra mat og umbótaáætlun í kjölfar þess er samofin starfseminni.

Úttækt á ytra umhverfi: Kópavogsbær ber ábyrgð að að taka reglulega út skólalóðir- og húsnæði.

Símenntunaráætlun

Endurmenntun starfsmanna á sér stað á skipulagsdögum. Á skólaárinu 2023-2024 höldum við áfram að leggja áherslu á [Réttindaskólaverkefni Unicefs](#) með starfsfólki, jákvæðum og uppbyggilegum samskiptum við börnin ásamt þróunarvinnu að fjölbreyttu og skemmtilegu hópastarfi.

Allt starfsfólk sat skyndihjálparnámskeið og námskeið um viðbrögð við ofbeldisfullri hegðun í byrjun skólaárs.

Listi yfir starfsfólk Krakkalands 2023-2024

Ana Rita Ferreira Madeil	Frístundaleiðbeinandi (mán+þri+fim+fös)
Emina Omerasevic	Skólaliði og frístundaleiðbeinandi
Guðrún Lilja Ingvarsdóttir	Aðstoðarforstöðukona Krakkalands
Halldóra Elínborg Björgúlfsdóttir	Forstöðukona Krakkalands
Hekla Maídis Sigurðardóttir	Frístundaleiðbeinandi
Herdís Hilmarsdóttir	Stuðningsfulltrúi og frístundaleiðbeinandi
Ingvar Pálmi Vilhjálmsson	Frístundaleiðbeinandi (mán+þri+fös)
Magnús Kjartansson	Skólaliði og frístundaleiðbeinandi

Milica Anna Milanovic

Frístundaleiðbeinandi

Valdimar Ingi Auðunsson

Frístundaleiðbeinandi

Yfirlit yfir viðburði á skólaárinu

2023

9.-22. ágúst	Sumardvöl fyrir börn í 1.bekk, opið 8:00-16:00
23. ágúst	Skólaþingdagur, skipulagsdagur í Krakkalandi
10. október	Skipulagsdagur Snælandsskóla og Krakkalands, frístund lokuð
25. október	Foreldradagur, Krakkaland opið 12:00-17:00
26.-27. október	Vetraleyfi, Krakkaland lokað
15. nóvember	Skipulagsdagur Snælandsskóla, Krakkaland opið 8:00-17:00
19.-20. desember	Jólaskemmtun, skertur skóladagur, Krakkaland opið 12:00-17:00
21.-22. desember	Jólaleyfi í Snælandsskóla, Krakkaland opið 8:00-16:00 lágmarksfjöldi: 8 börn
27.-29. desember	Jólaleyfi, Krakkaland er opið 8:00-16:00 lágmarksfjöldi: 8 börn

2024

3.janúar	Olweusardagur, skertur skóladagur, Krakkaland opið 12:00-17:00
15.janúar	Skipulagsdagur, Krakkaland opið 8:00-17:00
5. febrúar	Foreldradagur, Krakkaland opið 12:00-17:00
14. febrúar	Öskudagur, skertur skóladagur, Krakkaland opið 12:00-17:00
19. - 20.febrúar	Vetraleyfi, Krakkaland lokað
12. mars	Skipulagsdagur Snælandsskóla og Krakkalands, frístund lokuð
25.-27. mars	Páskaleyfi, Krakkaland er opið 08:00-16:00 lágmarksfjöldi: 8 börn
25. apríl	Sumardagurinn fyrsti, Krakkaland lokað
10. maí	Skipulagsdagur, Krakkaland opið 8:00-17:00
5.-6.júní	Vorleikar Snælandsskóla, skertur skóladagur, Krakkaland opið 12:00-17:00
7. júní	Skólaslit, Krakkaland opið 8:00- 17:00
10.-11. júní	Skipulagsdagur, Krakkaland opið 8:00-17:00

Skjal sótt af '0000000000' dags: 18.08 2026

